

Sp.

501. Tillaga til þingsályktunar

[233. mál]

um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Tími er til þess kominn að endurskipuleggja strandferðir hér við land með tilliti til breytinga, sem orðið hafa í seinni tíð á atvinnulífi og samgöngum í landinu. Kemur þá mjög til athugunar að taka upp verkaskiptingu á þá leið milli strandferðaskipa á hverjum tíma, að hvert skip veiti þjónustu afmörkuðum landshluta, og séu þá ferðir þess sérstaklega við þarfir þess landshluta miðaðar. Á Alþingi hafa verið uppi tillögur, sem miða í þessa átt, að því er varðar Suður-, Austur- og Vesturland. Er þá gert ráð fyrir, að strandferðaskip, sem sinni þörfum þessara landshluta, séu gerð út frá Reykjavík. Sams konar þörf og eigi minni er á sérstöku strandferðaskipi fyrir Norðurland, en engin þörf er á og miklu fremur óhagræði, að það skip sé staðsett í Reykjavík eða gert út þaðan. Eðlilegt er, að Norðurlandsskip sé gert út frá Akureyri, sem er höfuðstaður Norðurlands og svo mjög vaxandi iðnaðarbær, að þaðan er nú eða verður innan skamms hægt að fá flestar þær iðnaðarvörur, sem eru ekki keyptar frá útlöndum eða fluttar á sérstakan hátt utan strandferðaskipanna (áburður, sement). Útlendum vörum til norðurhafna, sem nú er umskipað í Reykjavík, ætti þá að umskipa á Akureyri, að því leyti sem þær verða ekki fluttar beint frá útlöndum til ákvörðunarstaðar, sem áður tíðkaðist í ríkara mæli en nú og er vitanlega æskilegt.

Vel mætti hugsa sér t. d., að Akureyrarskipið hefði endastöðvar á Ísafirði og Seyðisfirði, sneri við þar í hverri ferð vestur eða austur frá Akureyri. Mundu þá norðan- og sunnanskip væntanlega skiptast á vörum, farþegum og póstsendingum, án aukagjalds, þannig að um samtengt flutningakerfi væri að ræða. En það fyrirkomulag þarf auðvitað nánari athugunar við.

Akureyrarskipið gæti verið eign Skipaútgerðar ríkisins og útgerðin þar útibú frá skipaútgerðinni í Reykjavík. Einnig er hægt að hugsa sér, að stofnað yrði útgerðarfyrirtæki til strandferða norðanlands, t. d. með samvinnu hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélaga og S.R. og nyti það þá nauðsynlegs stuðnings frá ríkissjóði.